

Rafrænn skólaráðsfundur í Ölduselsskóla

15. janúar 2021

Mættir: Elínros Benediksdóttir, Erla Erlendsdóttir, Saga Lind Daníelsdóttir, Ágústa Þorbergsdóttir, Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir, Rut Indriðadóttir, Guðmundur Kristinn Davíðsson, Ólafur Jóhann Borgþórsson og Sigurlaug Einarsdóttir

Fundur hófst kl. 08:30

Efni:

- 1) Covid fréttir:
Ný reglugerð frá stjórnvöldum í janúar. Nú er nánast eðlilegt

- 2) Starfsáætlun Ölduselsskóla:
Nú hefur starfsáætlun Ölduselsskóla verið send á Skóla- og frístundasvið.

- 3) Fjármál og fleira:
Í Ölduselsskóla eru 521 nemandi skólanum sem er mesti fjöldi nemanda sem hafa stundað nám við skólann í mörg ár. En vantar kennara í 2. bekk en unnið er í að manna þá stöðu. Nú er menntaður og reyndur kennari í forföllum.

Áframhaldandi vinna við hátíðarsal vegna gólfplötu. Framkvæmdir áttu að fara fram í sumar en var óvænt flýtt fram í desember sem var mjög gleðilegt. Búið að lagfæra plötuna og byggja upp sviðið. Næst á dagskrá er að leggja dúkinn sem búið er að velja. Áætlaður tími í vinnu fyrir dúklagningu er ca. 4. vikur. Dúkur verður einnig settur bak við sviðið. Fleki á sviðið verður málaður appelsínugulur líkt og hann var áður.

Elínros er í samtali við framkvæmdasvið vegna lagfæringa á húsnæði Ölduselsskóla utanhúss. Leikskóli í hverfinu hefur óskað eftir því að fá afnot af rýmum í skólanum vegna lagfæringa á húsnæði leiksskólans.

Í desember voru keyptar 10 nýjar saumavélar í textílstofu ásamt þurrkara og frystikista fyrir heimilisfræðistofu. Fyrir íþróttahús og sundlaug var keyptar, froskalappir, boltar, svampkista, boltar og fleira.

- 4) Stytting vinnuviku:
Nú er ákvæði um styttingu vinnuviku fyrir almenna starfsmenn hafin. Stytting vinnutíma starfsmanna kemur aðallega fram í formi að stytta vinnudag starfsmanna. Flestir starfsmenn fara fyrr heim t.d. á föstudögum kl.15:00. Nýtt fyrirkomulag hefur krafist mikillar vinnu og samstarfs við starfsfólk um skipulagningu. Skipaður var samstarfshópur með fulltrúm allra aðila ásamt trúnaðarmanni. Ákvæði um styttingu vinnuviku var sett inn í kjarasamninga til að auka sveigjanleika fyrir starfsmenn og stuðla að auknum frítíma með fjölskyldu. Fyrirmæli voru um að ekki mætti skerða þjónustu á starfsstöðum. Skrifstofustjóri og ritari skiptast á að fara heim kl.13:00 annan hvorn fimmtudag. Bókasafnsfræðingur er einnig í styttingu vinnudags í hverri viku. Vinnutími almennra starfsmanna var 40 klst. per viku en er nú 36. klst. per viku.

- 5) Læsi og verkefni:
Vegna Covid þá hefur endurmenntun starfsmanna verið með talsvert öðru sniði. Utanaðkomandi fræðsla hefur í ljósi aðstæðna ekki verið leyfileg en starfsfólk hefur sótt rafræn fræðsluerindi. Á dagskrá er að vera með námskeið í Læsisfimmunni fyrir kennara á yngsta stigi annað hvort á rafrænu formi eða í raunheimum.
- 6) Foreldrasamtöl:
Skv. fyrirmælum Skóla- og frístundasviðs þá verða foreldraviðtöl þann 2. febrúar með rafrænir fundir eða símtöl.
- 7) Skýrsla frá rannsókn og greiningu:
Kynning á niðurstöðum skýrslu var á rafrænum fundi með foreldrum þann 12. janúar. Á fundinn mættu í kringum 50 manns en sent verður bréf til foreldra með samantekt úr skýrslunni. Margrét Lilja Guðmundsdóttir kynnti niðurstöður skýrslunnar, Kári í Hólmaseli hélt stutta kynningu á starfinu þar og Fríða námsráðgjafi fór einnig yfir ýmsa þætti í tengslum við unglíngadeildina. Skýrslan sýnir jákvæðar niðurstöður fyrir Ölduselsskóla og þar spila margir þættir inn í en fyrst má nefna öflugt foreldrastarf og mikið samstarf við heimili.
- 8) Önnur mál:
Fyrirspurn um inngrip ef nemendur eru undir viðmiðum í lestri?
Skv. Elínros þá er markmið í Ölduselsskóla að nemendur séu í viðmiði 2 í leshraða. Allir nemendur skólans fara í lestrarpróf og þar er mikilvægt að skoða framfarir hver og eins ásamt því að miða niðurstöður lesfímiprófa um landið allt. Við í Ölduselsskóla fylgjum læsisstefnu Breiðholts sem er aðgengileg á heimasíðu skólans. Lögð er mikil áhersla á að reglubundin þjálfun lesturs með foreldrum fari fram 5x í viku. Heimili og skóli þurfa í sameiningu að veita nemendum aðhald og stuðning að ná góðri lestrarfærni. Skólinn nýtir þær aðferðir sem koma fyrir í læsisstefnu Breiðholts. Á miðstigi er rætt um mikilvægi þess að nýta hlustun með nemendum og kórlestur. Orðaforði nemenda eykst og styður við lestrarfærni. Ávallt okkar markmið að efla lestrarfærni nemenda okkar.

Í Ölduselsskóla er starfandi námsver á mið- og unglíngastigi og þar vinna sérkennarar og stuðningsfulltrúar. Þar eru nemendur sem þurfa sértækari úrræði í ákveðnum námsgreinum í samráði við foreldra.

Nemendur í unglíngdeild sem náð hafa viðmiði 3 hafa aðeins meiri slaka á skráningu heimalesturs. Umsjónartímar 4x í viku hjá unglíngadeild hafa verið að gefa góða raun sem aðhald við heimalestur. Nemendur mæta í 20 mín til umsjónarkennara þar sem farið er yfir mál sem þarf að ræða ásamt lestrarstundar. Þetta fyrirkomulag er góður upphafspunktur inn í daginn og stuðlar að betra upplýsingaflæði milli kennara og nemenda. Þetta skipulag mun halda sér á næsta skólaári.

Ágústa benti á að í sumum skólum væri boðið upp á sérstök lestarnámskeið og hraðlestrarnámskeið fyrir nemendur sem eru undir viðmiðum. Elínros hvatti Ágústu til að senda okkur upplýsingar um fyrirkomulag og form þeirra.

Elínrós minnst á framhaldskólakynningar gætu verið með öðru sniði í vetur en það færi alfarið eftir ástandinu á veirunni. Fríða námsráðgjafi mun þá áfram sinna öflugri fræðslu um framhaldsskólana fyrir nemendur í 10. bekk líkt og fyrri ár.

Spurt var um stuðning í skólanum fyrir nýja kennara?

Elínrós svaraði því að ákveðið ferli væri fyrir nýtt starfsfólk sem hefur störf við skólann. Reyndur kennari hefur umsjón með að sinna nýjum starfsfólki fyrsta starfsárið þeirra á reglulegum fundum.

Spurt var um hvort hægt væri að hafa sundlaug Ölduselsskóla opna yfir sumartímann? Það væri þá eitthvað sem þyrfti að skoða með Reykjavíkurborg.

Spurt var um styrk vegna símalaus skóla?

Hluti upphæðar styrksins á eftir að nota en það verður gert fyrir lok skólaársins.

Fundi slitið kl. 09:30